

Sæl öll og takk fyrir góða sýningaþjálfun

Ég ætlaði að vera með smá ræðuhöld varðandi sýninguna, en það bara gekk ekki vegna ansi háværra hunda, þannig að ég ákvað að skrifa smá texta í staðin.

Rakkaeigendur/sýnendur

Það er mjög mikilvægt þegar komið er með rakka inn á svæðið að reyna að forðast það að hundurinn horfi á augun á öðrum hundi, það kemur þeim í uppnám og þeir fá margir mikilmennskubrjálæði, halda að þeir stjórni öllu og verða auðvitað að láta alla vita af því.

Það er svo auðvitað mikilvægt að halda þessu áfram, þar að segja forðast augnkontakt út alla sýninguna, bæði í biðbásunum, á leiðinni inn í sýningahring og svo líka í sýningahringnum.

Ef allir passa sinn hund þá ætti þetta að ganga vel.

Þegar hundurinn hefur lokið keppni er svo sniðugt að setja hann út í bíl ef það er möguleiki, þar getur hann hvílt sig eftir allt áreitið á sýningastaðnum.

Hvað er gott að taka með á sýninguna.

- Sýningataum fyrir hundinn
- Hundanammi – eitthvað sem hundinum finnst gott, þá er „alvöru“ matur vinsælli en dýrabúða-nammi.
- Vatnskál fyrir hundinn
- Kúkapoka
- Hundabursta, svona til að sjæna hundinn aðeins áður en haldið er inn í sýningahring.

Klæðnaður

Snyrtilegur klæðnaður og flatbotna skór – það er auðvitað alveg leyfilegt að klæðast eins og maður vill, en ég mæli með að sýnendur mæti í flatbotnaskóm sem gott er að skokka með hundinn í.

Sýningadagurinn

Áður en á sýninguna er haldið er gott að vera búinn að hreyfa hundinn sinn vel og vera búinn að láta hann gera stykkin sín, þá sérstaklega þá hunda sem eru mjög orkumiklir og eiga erfitt með að meðhöndla aðstæður eins og sýningu. Ef þeir eru vel hreyfir þá er mesta orkan búin og þess vegna takast þeir oft betur á við sýningar.

Þegar ég fer með mína hunda á sýningu þá fá þeir ekki morgunmat þann daginn, þeir fá morgunmatinn oft í formi verðlauna á sýningunni, þá eru þeir mun áhugasamari um nammið og hafa minni áhyggjur af því hvað allir hinir hundarnir eru að gera. Svo er alltaf hægt að taka hundamatinn í nesti með fyrir hundinn og gefa honum að borða þegar hann hefur lokið keppni.

Muna svo að það er óþarfi að vera að stressa sig of mikið fyrir sýningu, því þetta er jú bara hundasýning! ;)

Vona að öllum gangi sem best á sýningunni!! Sjáumst á laugardaginn. Og ef það er eitthvað sem er að vefjast fyrir fólki, eða er með eitthverjar spurningar – þá er öllum velkomið að spyrja - hringur@hringur.com

Kveðja Linda Björk